

Aðkoma barns að vinnu stuðningteymis skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Sjá nánar: [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) og reglugerð um tengiliði og málstjóra
<https://island.is/reglugerdir/nr/1180-2022>

Börn eiga rétt á því að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og þau sem veita þjónustu eiga að taka tillit til skoðana barna. Í 12 gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að barni sem getur myndað eigin skoðanir skuli tryggð að láta þær frjálst í ljós í öllum þeim málum sem það varða og taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Hér að neðan eru leiðbeiningar og ítarefni fyrir málstjóra farsældar varðandi aðkomu barns að vinnu stuðningsteymis og stuðningsáætlun farsældar skv. reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar í þjónustu í þágu farsældar barna:

3. gr. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Tengiliðir og málstjórar þjónustu í þágu farsældar barna starfa á grundvelli beiðni foreldra og/eða barns. Þeir rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Áður en farið er að huga að aðkomu barns að vinnu stuðningsteymis er mikilvægt að upplýsa barnið um réttindi sín varðandi það að koma skoðunum sínum á framfæri og sýna fram á að fullorðna fólkið ætli að hlusta og taka tillit til skoðana barnsins eftir fremsta megni. Í framhaldi af því er mikilvægt að kynna farsældarlögin fyrir barninu á eins skiljanlegan hátt og mögulegt er, t.d. með því að sýna barninu einfalt skýringarmyndband um farsældarlögin og heimasíðu farsældar (www.farsaeldbarna.is).

Aðkoma barns að vinnu stuðningsteymis veltur á aðstæðum barns og fjölskyldu og aldri þess. Hér að neðan koma nokkrar hugmyndir að aðkomu barna að vinnu stuðningsteymis:

- barnið situr alla fundi frá upphafi til enda
- barnið situr hluta úr fundi
- barnið situr á völdum fundum
- barnið á málsvara (t.d. málstjóri, tengiliður, stuðningsfulltrúi, umsjónarkennari) inni í stuðningsteyminu sem kemur upplýsingum frá barni áleiðis til stuðningsteymis og miðlar upplýsingum sömuleiðis til barns varðandi það sem kom fram á fundinum og er mikilvægt að deila með barninu
- barnið getur skrifað bréf inn á fundinn
- aðrar hugmyndir frá barninu varðandi aðkomu þess að vinnu stuðningsteymis

Málstjórum og öðrum sem koma að vinnu stuðningsteyma farsældar er bent á námskeið um þátttöku barna í akademíu Unicef ([UNICEF Akademían \(teachable.com\)](http://UNICEF.Akademian.teachable.com)). Til frekari ígrundunar er einnig er bent á kenningar um þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum t.d. Lundy líkanið ([Þátttaka barna í stefnumótun og ákvörðunum by Umboðsmaður barna - Issuu](#)).

Ef spurningar vakna varðandi gerð stuðningsáætlunar hvetjum við ykkur til að hafa samband við farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu í tölvupósti farsaeld@bofs.is eða í síma 530-2600.